

Fundargerð

Framkvæmdahópur St. Jó.

12. maí 2021

Kl. 12:30

Fjarfundur

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Guðlaug Kristjánsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Sigurður Nordal, Helga Stefánsdóttir, Ragnheiður Agnarsdóttir.

1. Staða framkvæmda á 4. hæð

Samþykkt var á fundi framkvæmdahóps þann 14. apríl 2021 að fara í hreinsunarstarf á 4. hæð hússins í kjölfarið á sýntöku á vegum Verkís sem leiddi í ljós að ósækileg gró er í þakvirki hússins.

Samkvæmt mati Verkís sem barst verkefnisstjóra í t.pósti þann 6. maí sl. telja sérfræðingar Verkís nauðsynlegt að rífa alla forskalningu þ.e. múr og timburklæðningar innan úr loftum og portveggjum (veggjum undir súð) í eldri hluta byggingarinnar og alla innri klæðningu og einangrun í nýrri hluta hennar.

Líkt og fram kom á síðast fundi hópsins er áætlaður viðbótarkostnaður vegna hreinsunar og ófyrirséðrar uppbyggingar í kjölfarið á bilinu 15—20 m.kr. og rúmast hann innan fjárheimilda verkefnisins.

Viktor Þór Sigurðsson frá STH Teiknistofu hefur verið ráðinn byggingarstjóri á 4. hæð. Fyrir milligöngu hans liggur fyrir áætlun á kostnað við niðurrif byggt á niðurstöðum Verkís frá E.Sigurðssyni ehf. Tilboðið barst verkefnisstjóra St. Jó. með t.pósti frá STH Teiknistofu þann 29.4.2021.

Áætlunin hljóðar upp á 8,2 m.kr. m. vsk. en stór hluti vsk. 1,6 m.kr. fæst endurgreiddur þar sem megin hluti kostnaðar er vinna á verkstað.

Lagt er til að gengið verði til samninga við E.Sigurðsson um verkið enda höfðu aðrir verktakar sem STH Teiknistofa leitaði til ekki tíma til þess að sinna verkinu strax en rík þörf er á að hefjast handa svo að hægt verði að hefja starfsemi á 4. hæð hússins fyrir lok árs 2021 eins og stefnt hefur verið að. Sú tillaga var samþykkt.

2. Nýting á 1. hæð St. Jó.

Viðræður hafa staðið yfir um nýtingu á 1. hæð hússins. Alzheimer- og Parkinsonsamtökin hafa þörf fyrir æfingaaðstöðu fyrir skjólstaðinga sína.

Til greina kemur að félögin fjárfesti í æfingatækjum og leigi æfingaaðstöðuna undir þau og hafi þar með forgang í notkun rýmisins á dagvinnutíma. Hfjbær leggi til búningaáðstöðu.

Verið er að vinna tillögu að skipulagi hæðarinnar með það að markmiði að það geti þjónað leigutökum sem best en jafnframt að það mæti rekstraforsendum, nýtingu og ásýnd hússins.

Viðræður hafa staðið yfir á milli Janusar Heilsueflingar og beggja samtaka um aðstoð við þjálfun skjólstaðinga í salnum.

Rætt var um mikilvægi þess að unnið yrði að uppbyggingu og nýtingu æfingarýmisins í góðri sátt.

3. Valferli nýrra leigutaka

Rætt var um stofnun starfshóps um val á nýjum leigutökum hússins. Vinnuhópurinn hefði það hlutverk að setja fram viðmið um val og fara yfir umsóknir sem nú eru á bið og úthluta þeim rýmum sem til stendur að verði klár til útleigu þegar framkvæmdum líkur á 4. hæð á haustmánuðum 2021.

Ákveðið var að bæjarráð skipi starfshópin á næsta fundi sínum þann 20. maí 2021.

Gerð er tillaga um að eftirtaldir skipi starfshópin:
Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri
Sigurður Nordal sviðstjóri stjórnsýslusviðs
Ragnheiður Agnarsdóttir verkefnisstjóri St. Jó.

Fundi slitið 13:00